

Dalabyggð
Bogi Kristinsson
Miðbraut 11
370 Búðardalur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. apríl 2014
Tilvísun: UST20140200239/ksj

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004 - 2016. Sorpurðunarsvæði og breyting á vegi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Dalabyggðar er barst 27. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004 – 2016, sorpurðunarsvæði og breyting á vegi.

Urðunarsvæði Höskuldsstöðum

Áætlað svæði fyrir urðunarstað er um 5 ha að stærð, og er ofan þjóðvegur í Laxárdal, í landi Höskuldsstaða. Svæðið sem áætlað er fyrir urðunarstað er skilgreint sem landbúnaðarland í gildandi aðalskipulagi og nær yfir lítið gróið holt og er svæðið að hluta til gamalt námasvæði. Gert er ráð fyrir að urða þar allt að 500 tonn af óvirkum úrgangi á ári. Einnig kemur fram að yfirborðsvatn renni til norðurvesturs og að austan við svæðið rennur lækur.

Ástand vatns

Yfirborðsvatn á svæðinu fellur til norðvesturs í Laxá. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að koma fram hvort hætta er á að mengað yfirborðsvatn frá urðunarstað geti hripað í Laxá og/eða læk austan við svæðið, eða fyrirhugaðar áætlanir um rannsóknir hvað það varðar.

Vegur og brú yfir Reykjadalsá

Tillaga að breytingu á Vestafjarðarvegi nr. 60 við Reykjadalsá tekur til færslu vegarins á um 1100 m kafla og nýrrar tvíbreiðrar brúar yfir Reykjadalsá. Brúin verður staðsett 40 m vestar en núverandi brú. Gert er ráð fyrir færslu námu E14.

Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar skortir upplýsingar um áhrif nýs urðunarstaðar á vatnsbúskap á svæðinu. Sérstaklega skortir upplýsingar um áhrif urðunarstaðar á hreinleika læks er rennur austan við áætlað urðunarsvæði. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við ofangreindar tillögur að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004 – 2016.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

